

Ed.

452. Breytingartillögur

[66. mál]

við frv. til laga um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Á eftir 1. málsg. 1. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:
Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. málsg.
2. Á eftir 1. gr. komi svo hljóðandi ný gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
Dómsmálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um takmörkun samkv. 1. gr.